

Aðalfundur FFÍ í Alliance Française, 28. febrúar kl. 17:00

Dagskrá:

1. Skýrsla formanns.
2. Skýrsla gjaldkera.
3. Kosning formanns og annarra stjórnarmanna, fulltrúa í STÍL og endurskoðanda reikninga.
4. Félagsgjöld ákveðin.
5. Önnur mál.

1. Jóhanna Björk Guðjónsdóttir setti fundinn, skipaði Fanný Ingvarsdóttur fundarstjóra og Eyjólf Mátur Sigurðsson ritara. Jóhanna las skýrslu formanns (sjá meðfylgjandi skjal) og var hún samþykkt af öllum fundarmönnum. Jafnframt kom fram ábending um að gott væri að tilgreina fjölda funda á árinu.

2. Hrafnhildur Guðmundsdóttir gjaldkeri kynnti reikninga (sjá meðfylgjandi). Reikningar voru samþykktir.

3. Jóhanna Björk Guðjónsdóttir gaf kost á sér til formannskjörs og var endurkjörin einróma. Sigurbjörg Gylfadóttir gaf einnig kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu en Eyjólfur Mátur Sigurðsson og Hrafnhildur Guðmundsdóttir gáfu ekki kost á sér aftur. Sigurbjörg Eðvarsdóttir og Hulda Sif Birgisdóttir gáfu kost á sér í þeirra stað. Vera Valgarðsdóttir gaf kost á sér áfram sem fulltrúi félagsins í STÍL og Margrét Helga gaf einnig kost á sér sem endurskoðandi reikninga. Engin mótframboð og voru þær allar kjörnar einróma.

4. Ákveðið var að halda félagsgjöldum óbreyttum frá fyrra ári þ.e. kr. 3.500.

5. Sigríður Guðbrandsdóttir stakk upp á því að á að þeir félagar sem hafa verið í námsleyfi nýlega verði með kynningu á næsta félagsfundi. Það var samþykkt. Þá kom einnig fram sú hugmynd að biðja Maríu Gunnlaugsdóttur að kynna meistararitgerð sína sem hún hefur nýverið gert um samskipti Íslands og Frakklands. Einnig var ákveðið að biðja Rósu Elínu Davíðsdóttur um að segja frá vinnu sem hafin er við gerð nýrrar íslensk-franskrar orðabókar.

Eve Leplat tilkynnti að hún myndi ekki sitja áfram í ritstjórn Málfríðar fyrir félagið.

Eyjólfur greindi stuttlega frá fyrirhuguðu sumarnámskeiði félagsins þ. 4. og 5. júní n.k.

Umfjöllunarefnið er: „la pédagogie de l’oral: favoriser les interactions en classe de FLE“ og verður leiðbeinandi Mme Yelle Sultan frá CLA í Besançon. Námskeiðið verður haldið í húsnæði EHÍ.

Jóhanna greindi frá fyrirhuguðum hátíðarhöldum í tengslum við 40 ára afmæli félagsins þ. 21 mars n.k. en þá kemur Louis-Jean Calvet til landsins og heldur fyrirlestur í H.Í. og um kvöldið verður svo hátíðarkvöldverður í Alliance Française þar sem Calvet og Vigdís Finnbogadóttir verða heiðursgestir. Öllum félögum verður boðið og félagið niðurgreiðir veitingar fyrir félagsmenn. Einnig er fyrirhugað að L.-J. Calvet taki sæti í dómnefn fyrir „Allons en France“ keppnina þ. 22. mars með þeim fyrirvara að ekki komi til verkfalls framhaldsskólakennara.

Fleira var ekki rætt. Fundi slitið kl. 18:30